

I. fundur

Fyrsti fundur ETA deildar starfsárið 2006-2007 var haldinn í Litlu-Brekku 2. október 2006 og hófst kl. 18:00. Léttur kvöldverður var snæddur á staðnum.

Dagskrá:

2. Guðrún Hrefna, nýr formaður, setti fund.
3. Bryndís Sigurjónsdóttir kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
4. Formaður las upp markmið samtakanna.
5. Orð til umhugsunar flutti Inga Margrét Róbertsdóttir. Hún vék að þeim háska sem umferð í nútímasamfélagi skapar.
6. Ósa Knútsdóttir las fundargerð síðasta fundar.
7. Nafnakall: Mættar voru 22; fjórar boðuðu forföll; um tvær er ekki vitað.
8. Guðrún Hrefna kynnti stefnu stjórnar og starfið í vetur og fékk mál hennar góðar undirtektir.
9. Þá var komið að gesti fundarins, Berglindi Ásgeirsdóttur, sendiherra. Guðrún Hrefna kynnti fjölbreyttan feril hennar og reynslu af ýmsum störfum innanlands sem utan. Berglind, sem er nýflutt heim eftir langan starfsferil hjá OECD, gerði að umtalsefni skýrslu OECD, sérstaklega þann kafla hennar sem fjallar um menntamál – en þau mál fá ekki mjög háa einkunn hvað Ísland varðar. Berglindi finnst að umræða um menntamál sé á frekar lágu plani hér á landi; skólamál séu oft til umræðu en ekki menntamál í víðasta skilningi. Hún ber okkur saman við Norðmenn sem voru á svipuðu róli og við í PISA rannsókninni. Þar á bæ varð uppi fótur og fit og miklar umræður og áætlanir fóru í gang. Hér á landi vöktu niðurstöður athygli en svo gerðist lítið meir. Hún telur að menntun sé lykilatriði og verði svo í enn ríkara mæli í framtíðinni. Hún minntist á slakt gengi drengja, brottfall úr skóla og skort á virðingu fyrir verknámi. Önnur lönd væru mjög að auka veg verknáms. Berglind telur Íslendinga of viðkvæma gagnvart utanaðkomandi gagnrýni. Hún hefur áhyggjur af að Íslendingar horfi ekki nógu mikið til framtíðar. Hún segist við heimkomuna hafa skynjað miklar breytingar, m.a. með auknum flutningi erlendra borgara til landsins sem enn ætti eftir að aukast. Hún benti m.a. á að Íslendingar yrðu sífellt eldri og að vinnuafli myndi í vaxandi mæli koma utan frá. Í því sambandi lagði hún áherslu á að það yrði að hlúa sem best að þeim sem hingað flyttust til búsetu. Það ver gerður góður rómur að máli Berglindar og spunnust miklar umræður um þau mál sem hún vakti athygli á.

Formaður sleit fundi og ETA konur héldu heim vel haldnar andlega og líkamlega.

Auður Torfadóttir skráði.